

komudagur

Athugasemdir vegna frumvarps til laga um náttúruvernd, lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998-1999.

Hellarannsóknafélag Íslands þakkar fyrir að fá að koma athugasemdum á framfæri og hvetur jafnframt til þess að frumvarpið verði samþykkt.

Um frumvarpið má almennt segja að í því stendur næsta fátt sem tekur af öll tvímæli. Þó eru þar ýmsar afdráttarlausar skilgreiningar sem erfitt er að leggja annan skilning í en þann sem til er ætlast og má þar nefna skilgreiningu sérskipaðrar nefndar um ósnortin víðerni sem við erum mjög fylgjandi. Það sem segja má að sé á hinn veginn eru greinar í III. kafla um almennarétt, umgengni og útivist þar sem segir m.a. í 15. grein um umferð hjólandi manna að fylgt sé vegum og reiðhjólástígum eins og kostur er. Verður að líta þannig á að ákvæði 12. greinar eigi annars við þar sem segir að almenningi sé heimil för um landið og dvöl þar í lögmætum tilgangi en verið sé að beina þeim almennu tilmælum til hjólreiðamanna að þeir hjóli sem minnst utan vega. Greinin er því næsta óþörf og fremur til skrauts.

Um I. kafla.

Engar athugasemdir.

Um II. kafla.

Vegna 7. greinar er rétt að taka eftirfarandi fram. Eins og segir í 1. mgr. er Náttúruvernd ríkisins heimilt að fela náttúrustofum og náttúruverndarnefndum, sbr. 11. gr., að annast almennt eftirlit með náttúru landsins og skal um það gerður sérstakur samningur. Við þetta ákvæði höfum við það að athuga að ekki sé unnt að tilgreina fleiri aðila til almenns eftirlits en framangreinda. Hellarannsóknafélag Íslands hefur á undanförunum árum verið í góðu samstarfi við Náttúruvernd ríkisins um eftirlit og verndun íslenskra hraunhella. Skv. 1. mgr. er ekki unnt að gera slíka samning við félagið þar sem það er hvorki "náttúrustofa" né "náttúruverndarnefnd" og skv. 2. mgr. er ekki unnt að gera samning við félagið um slíkt nema þegar um er að ræða eftirlit með framkvæmdum. Að óbreyttu mætti því t.d. setja spurningarmerki við hvort Surtseyjarfélaginu væri heimil umsjá Surtseyjar skv. frumvarpinu. Í 30. grein er Náttúruvernd ríkisins heimilað að fela einstaklingum og lögaðilum umsjón og rekstur náttúruverndarsvæða og skal gerður um það sérstakur samningur. Ekki er ljóst hvort þetta á við þar sem sum þeirra fyrirbæra sem Hellarannsóknafélagið telur brýna þörf á að hafa eftirlit með og eru hluti af náttúru landsins, eru hvorki náttúruverndarsvæði skv. skilgreiningu né "í rekstri," en gætu geymt eða fólgið í sér friðlýstar náttúruminjar, því skv. augýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 120/1974 eru dropsteinar og hraunkerti í öllum íslenskum hraunhellum, þekktum og óþekktum friðlýst náttúruvætti. Því þarf rýmra ákvæði eða sértækara hvað þetta varðar og best væri að Hellarannsóknafélagi Íslands væri falin umsjón með verndun íslenskra hraunhella.

Um III. kafla.

Er varðar 20. og 21. grein laganna er það, eins og tekið er fram í athugasemdum, nýmæli að binda í lög að almenningi sé heimilt að slá upp viðlegutjöldum úti í náttúrunni á óræktuðu landi fjarri mannbústöðum. Það sem fyrst og fremst er að athuga við þessa grein eða greinar er að ekki er skilgreint hvaða þjónustu réttihafi eða eigandi lands þarf að láta í té, nema eins og segir í athugasemdum og vísan til IX. kafla heilbrigðisreglugerðar nr. 149/1990, til að unnt sé að segja með sanni að skipulagt tjaldsvæði sé um að ræða. Er sýnt að samkvæmt lögnum getur eigandi eða réttihafi lands bannað alfarið að tjaldað sé innan hans lögsagnar – eignarlands eða afréttar – á þeim forsendum að tekin hafi verið frá smá skák á túnhorni, hún lauslega girt af og skilti sett niður með áletruninni "TJALDSTÆÐI". Aðrar ástæður hljóta einnig að geta komið til en, bragðið með tjaldstæðið getur verið til mikils óhagræðis fyrir ferðamenn og ástæða bannsins getur því dulist mönnum. Við erum almennt þeirra skoðunar að ferðamenn eigi að hafa val um það hvort þeir kjósa að dvelja fjarri manabyggðum eða á tjaldstæði. Benda má á að þarna er að hluta verið að beina ferðamönnum til að kaupa þjónustu sem þeir ef til vill kæra sig ekki um og eru skv. 12. grein í fullum rétti á ferð sinni um landið.

Jafnframt er þetta fremur ósanngjarnt til dæmis gagnvart þeim sem eru á húsbílum eða þannig útbúnir að þeir þurfa ekki á neinni þjónustu að halda.

Í annan stað má nefna, og á það reyndar við um fleiri greinar frumvarpsins, að skv. 21. grein er eiganda lands eða réttihafa heimilt að takmarka eða banna að tjöld séu reist þar sem veruleg hættu er á að náttúra landsins geti beðið tjón af. Þar með er landeigandi orðinn dómari í eigin sök og í raun í sjálfsvald sett að finna ástæðu fyrir banninu. Ekki er krafist álits

Náttúruverndar ríkisins, Náttúrufræðistofnunar eða annars sambærilegs aðila, heldur er landeigenda falið að sjá um matið. Hafa ber í huga að þessa heimild er unnt að nota á verri veg, beina ferðafólki frá ákveðnum svæðum og beita á það búfænaði.

Það sama má segja um fleiri greinar frumvarpsins þegar kemur að því að meta ástand landsins. Ýmist er það á hendi landeiganda, eins og að framan greinir, í 26. grein veitir Náttúruvernd ríkisins leyfi, þegar sérstaklega stendur á, til tínslu berja, sveppa, fjallagrása, jurta og fjörugróðurs, væntanlega á grundvelli mats, og þarf að tilkynna um magn og tegundir til Náttúrufræðistofnunar. Í 27. grein metur umhverfisráðherra ástand lands vegna tínslu berja, sveppa, fjallagrása, jurta og fjörugróðurs. Í 32. grein er það Náttúruvernd ríkisins eða umsjónaraðili náttúruverndarsvæðis sem metur hvort hættu er á spjöllum og hvort gjaldtaka getur þar bætt úr. Í 40. grein getur umhverfisráðherra að fenginni tillögu Náttúruverndar ríkisins og Náttúrufræðistofnunar og umsögn iðnaðarráðuneytis mælt fyrir um verndun steinda. Þetta þarf að okkar mati að samræma og ætti í öllum tilfellum að vera á hendi Náttúruverndar ríkisins og umhverfisráðherra að fengnum tillögum eða álitsgerðum viðkomandi fagstofnana eins og Náttúrufræðistofnunar, Hafrannsóknarstofnunar, Orkustofnunar, Rannsóknarstofnunar landbúnaðarins og ef til vill fleiri. Það sem fyrst og fremst orkar tvímælis er að í sumum tilfellum sé það landeigandi, umsjónarmaður eða annar réttihafi sem ákveður ástand landsins og þörfina á einhverjum aðgerðum.

Um IV. kafla.

Áður hefur verið nefnd sérstaða Hellarannsóknafélags Íslands á sviði umsjónar með náttúruverndarsvæðum og vísast til athugasemda við 7. grein.

Það er hins vegar ástæða til að taka fram að Hellarannsóknafélag Íslands hefur farið ýmsar leiðir til ábyrgðar verndunar íslenskra hraunhella sem hafa alþjóðlegt náttúruverndargildi. Á Íslandi er opinberlega kunnugt um tvo hraunhella sem uppfylla þessi skilyrði. Annar er í umsjá Náttúruverndar ríkisins og hefur Hellarannsóknafélag Íslands boðið Náttúruvernd ríkisins að taka að sér umsjón og eftirlit með honum. Hinn hellirinn er friðlýstur af hálfu Hellarannsóknafélags Íslands með sérstökum samningi milli félagsins og landeiganda. Samningum var þinglýst sem kvöð á landareignina, félaginu er ekki heimilt að framselja samninginn né hafa af hellinum tekjur auk annarra ákvæða. Ýmsar ástæður eru fyrir þessari leið sem farin var og verður ekki rakin hér. Æskilegast væri að þessi mál væri í einum og sama farvegi.

Um V. kafla.

Í þessum kafla eru afar þörf ákvæði um almenna verndun ákveðinna landslagsgerða. Það sem Hellarannsóknafélag Íslands lýsir yfir sérstakri ánægju með er að skv. a-lið 37. greinar njóta eldvörp, gervígígar og eldhraun sérstakrar verndar og menn þurfa að hafa örlítið meira fyrir því að eyðileggja téð náttúrufrýrbæri en áður. Kveðja mætti sterkar að, þar sem áhrif eldvirkni eru óvíða jafn glögg og hér á landi, og skilyrða framkvæmdir og röskun gosminja frá síðjökultíma leyfi frá Náttúrufræðistofnun og Náttúruvernd ríkisins. Hér er einungis tekið á því sem okkur finnst skipta mestu máli en að sjálfsögðu á það við um það sem talið er upp í liðum b., c., d., og e.

Varðandi 40. grein er ánægjulegt að ákvæði um verndun steinda sé bundið lög. Hvað iðnaðarráðuneyti hefur um þetta að segja er talsvert á huldu.

Um VI.kafla.

Engar athugasemdir.

Um VII. kafla.

Engar athugasemdir.

Um VIII. kafla.

Í 75. og 76. grein laganna eru ákvæði um refsingu gagnvart þeim sem brýtur gegn ákvæðum náttúruverndarlaga. Það er til bóta öllum lögum og lagasetningum að refsíákvæði séu skýr og afdráttarlaus. Gáleysi erlendra ferðamanna hefur verið í fréttum á síðustu árum og hafa nokkrir slíkir orðið uppvísir af alvarlegum brotum á núgildandi lögum, sérstaklega hvað varðar akstur utan vega. Hefur sú málsmeðferð verið Íslendingum til háðungar erlendis svo ekki sé tekið dýpra í árinna. Þeir sem hafa náðst við slíka iðju hafa farið til síns heima sigri hrósandi og kannski einum eða tveimur þúsundköllum fátækari. Mjög brýn þörf er á að úr sé bætt og mætti jafnvel koma þeirri tillögu á framfæri að heimilt sé að beita þyngri refsingum ef brot er framið af fullkomnum ásetningi og/eða fyrirgert verðmætum náttúruminum.


Lokaorð.

Hellarannsóknafélag Íslands skorar á löggjafann og sitjandi ríkistjórn að taka tillit til þeirra athugasemda sem fram koma og hafa hagsmuni almennings að leiðarljósi. Ljóst er að þéttbýlisbúar og aðrir landsmenn sækja í ríkari mæli inn til fjalla og á fáfarnari slóðir en áður. Réttur hins almenna borgara til að fara um landið og njóta þess sem þar er að sjá, í sátt við allt og alla, er afdráttarlaus og má á engan hátt skerða. Það er jafnframt ljóst að lög um náttúruvernd verða að vera skýr og afdráttarlaus.

Hellarannsóknafélag Íslands vill koma þeirri ábendingu á framfæri að eðlilegasta framkvæmd náttúruverndar er að láta allt í náttúrunni njóta almennrar friðunar. Engu má spilla eða granda. Þurfi menn að raska náttúrulegri ásýnd landsins þarf að afla tilskilinna leyfa í stað þess að rjúka upp til handa og fóta og reyna að bjarga því sem jafnvel þegar er búið að skemma. Aðurnefnd auglýsing í Stjórnartíðindum frá árinu 1974 um verndun dropsteina og hraunkerta í íslenskum hraunhellum er tímamótaviðburður í íslensku náttúruvernd, án þess að margir geri sér grein fyrir því. Um er að ræða það sem Hellarannsóknafélag Íslands hefur kallað "sjálfvirka náttúruvernd." Enginn vafi er á því að umrætt fyrirbæri er friðað og þegar nýr hellir finnst þá eru innviðir hans friðlýstir, sjálfkrafa og án þrætna. Þetta viljum við sjá að verði að veruleika fyrir hraunhellana sjálfa. Þeir njóti almennrar friðunar sem náttúruvætti og séu því í umsjón Náttúruverndar ríkisins eða Hellarannsóknafélags Íslands í umboði Náttúruvendar. Fordæmi er fyrir slíku framsali og nægir að benda á Sutseyjarfélagið í því sambandi.

Reykjavík 3. mars 1999.

Virðingarfyllst


Sigrður Sveinn Jónsson

formaður Hellarannsóknafélags Íslands.